

Starfsskilyrði fyrir bón- og bílaþvottastöð

Samræmd starfsskilyrði vegna mengunarvarna, skv. 5. gr. reglugerðar um skráningarskyldan atvinnurekstur nr. 830/2022 sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum.

Rekstraraðila ber ávallt að uppfylla skilyrði þessi og almenn starfsskilyrði fyrir mengandi starfsemi. Einnig skal tryggja að starfsemi hans sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settar samkvæmt þeim.

1. UMGENGI Á LÓÐ

1.1	Óheimilt er að geyma lausamuni, s.s. bílflök, bílhuta og annan úrgang á lóðum þannig að snúi að almannafæri, valdi fok- eða slysaþættu eða hættu á mengun í jarðvegi.	737/2003 941/2002 14. gr.
1.2	Bifreiðum, tækjum og öðrum munum skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila.	737/2003 16. og 18. gr.

2. FRÁVEITA

		Rgl.nr.
2.1	Á bón- og bílaþvottastöðvum skal vera olú- og sandskilja við frárennsli í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um olúskiljur. Búnaðurinn skal samþykktur af heilbrigðisnefnd.	798/1999 5.gr.
2.2	Frárennsli frá öllum nýjum og endurbættum bón- og bílaþvottastöðvum skal vera tengt sandskilju og samrunaolúskilju. Allar nýjar og endurnýjaðar olúskiljur skulu útbúnar sjálfvirkum viðvörunarbúnaði. Tryggt skal að aðstæður á vettvangi séu með þeim hætti að auðvelt sé að fylgjast með frárennsli og taka sýni úr frárennslinu ef nauðsyn krefur.	884/2017 51. Gr 798/1999 5. gr
2.3	Olúskilju og sandfang skal skoða reglulega og ekki sjaldnar en á sex mánaða fresti. Olúskilju og sandfang skal tæma eftir þörfum og skal láta aðila með leyfi til flutnings spilliefna sjá um tæmingu.	798/1999 5. gr. 884/2017 gr. 51
2.4	Halda skal notkun olúhreinsiefna í lágmarki. Til hreinsunar á bílum og gólfum skal nota umhverfisvæn sápu efni og/eða olúhreinsa. Óheimilt er að láta hvers kyns olúr, bensín, lífræn leysiefni eða önnur mengandi efni í fráveitur atvinnuhúsnæðis.	798/1999, 5. gr.

2.5	Ekki er heimilt að úða tjöruhreinsi eða öðrum hreinsiefnum utandyra eða við aðrar þær aðstæður þar sem það veldur mengun eða óþægindum í umhverfi.	787/1999 5. gr
2.6	Þar sem hætta er á að fljótandi efnavara fari niður ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar s.s. blautsugu, tvist eða sag.	798/1998 5. gr. 884/2017 63. gr
2.7	Staðsetja skal ílát undir fljótandi efnavöru, þ.m.t. þvottaefni og tjöruhreinsi, í þróm eða lekabyttum innandyra eða tryggja á annan hátt að innihaldið berist ekki í niðurföll. Ef fljótandi efnavara er geymd utandyra skal það vera í skýli eða á annan þann hátt sem heilbrigðisnefnd samþykkir. Eftir atvikum getur heilbrigðisnefnd gert kröfu um árekstrarvarnir við skýli utandyra.	798/1999 5. gr. 884/2017 43. gr., 50 gr. 809/1999 7. gr.

Starfsskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi á landi og reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni.